

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 112/1941, til að öðlast gildi 15. maí 1950, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

109

9. ágúst

Atvinnumálaráðuneytið, 9. ágúst 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

um skyldu til að halda eftir af kaupum upp í þinggjaldagreiðslur.

110

10. ágúst

1. gr.

Kaupgreiðendur bera ábyrgð á greiðslu þinggjalda þeirra manna, sem þeir greiða kaup, eftir því sem nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

2. gr.

Allir kaupgreiðendur skulu, þegar innheimtumaður þinggjalda krefst þess, skyldir til að láta honum í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem innheimtumaður óskar, um nöfn launþega, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag, fæðingarár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig það er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem nauðsynlegt er að upplýst séu, er gera skal kröfu um greiðslu gjalda af kaupum.

Krefjast má innheimtumaður framangreindra skýrslna með munnlegri kröfu eða skriflegri, svo og með almennri auglýsingu, og skulu skýrslurnar látnar í té innan þess tíma, er innheimtumaður ákveður.

Allir þeir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verka-fólks, skulu, ef þess er krafist af innheimtumanni, skyldir til að senda honum kaup-skrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um greiðslu á þinggjöldum þeirra, er við kaupum eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

3. gr.

Nú hefur launþegi ekki greitt þinggjöld sín að fullu á réttum gjalddaga og skal kaupgreiðanda hans þá skylt samkvæmt kröfu innheimtumanns gjaldanna að halda eftir af kaupum launþega nægilegri fjárhæð til greiðslu gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Orðið kaup í reglugerð þessari tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna og styrktarfjár, og það jafnt hvort greiðslan er samkvæmt vinnusamningi, verksamningi (akkorði), eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

Kaupgreiðandi telst sérhver sá, er innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort sem er fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar, en launþegi sá, sem rétt á til þeirra greiðslna.

4. gr.

Til lúkningar greiðslum þeim, sem um ræðir í 3. gr., skal þó ekki haldið eftir meira en $\frac{1}{3}$ af því kaupum, sem til útborgunar á að koma, ef í hlut á launþegi, sem á fyrir heimili að sjá, en ella $\frac{1}{2}$. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu hlunnindi þessi þá talin með, þegar út er reiknaður sá hluti kaupsins, sem eftir skal haldið, og á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.

5. gr.

Kaupgreiðandi, sem fyrir hefur verið lagt á þann hátt, sem um ræðir í 3. gr., að halda eftir af kaupi, skal við næstu útborgun — þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup — og framvegis við útborganir, þar til hin umkröfðu gjöld með vöxtum og kostnaði eru að fullu greidd, draga af kaupi gjaldanda þann hluta þess, sem skylt er að halda eftir samkvæmt 3. og 4. gr., og skal hverri þeirri fjárhæð, sem þannig er haldið eftir, skilað innheimtumanni innan sex virkra daga frá hverjum útborgunardegi talið, og er sú greiðsla bindandi fyrir gjaldandann.

6. gr.

Nú hættir launþegi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, sem krafinn hefur verið um greiðslur upp í gjöld hans og gjöldin eru ekki að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá án tafar tilkynna innheimtumanni brottför launþegans, svo og hvenær hann hafi farið og hvert, ef vitað er.

7. gr.

Gjaldandi eða kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið að gjöld skulu greidd af kaupi gjaldanda.

8. gr.

Ef kaupgreiðandi

- a. vanrækir að láta innheimtumanni í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um launþega innan tiltekins frests;
- b. greiðir kaup, án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkvæmt reglugerð þessari;
- c. skilar eigi til innheimtumanns svo sem segir í 5. gr.;
- d. tilkynnir ekki innheimtumanni, svo sem segir í 6. gr., brottför gjaldanda; þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem haldið hefur verið eftir hjá gjaldanda, en sem eigin þinggjöld það, sem halda hefði mátt eftir hjá honum, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt reglugerð þessari. Fé þetta má taka lögtaki hjá kaupgreiðanda sem hans eigin þinggjöld væru.

Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöld launþega, skila innheimtu fé eða umkröfðum skýrslum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og varðar það þá sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður, nema þyngri refsing sé við lögð að lögum.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga nr. 6 frá 9. júní 1935, um tekju- og eignarskatt, samanber lög nr. 60 frá 25. maí 1949, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 65 frá 26. júní 1944.

Fjármálaráðuneytið, 10. ágúst 1949.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.